



Mótvægissjóður velferðarvaktarinnar

Samantekt á verkefninu **Hvað er best fyrir okkur** – fyrir innflytjendur í atvinnuleit

Styrkþegi: Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12 109 Reykjavík

Samantekt

Verkefnið fólst í því að hvetja konur af erlendum uppruna til að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, nýta þekkingu sína og bakgrunn til þess að vinna með börnum í frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Boðið var upp á tvö mismunandi námskeið. Á fyrra námskeiðið voru ráðnir tveir verkefnastjórar þau Isabella Theodórsdóttir og Juan Camito Roman Estrada. Helstu þættir sem teknir voru fyrir á því námskeið voru sjálfstyrking, virkni, atvinnuleit, gerð ferilskrár, tómstundir og fleira.

Á seinna námskeiðinu var markhópurinn konur í hverfinu sem þurfa á stuðningi að halda samkvæmt mati fagaðila, eru einangraðar, atvinnulausar og/eða á fjárhagsaðstoð. Markmiðið var að styðja þær í atvinnuleit, athuga möguleika á menntun, félagslegri virkni, félagslegum stuðningi og kynna fyrir þeim þau úrræði sem eru í boði á vegum borgarinnar og fleiri aðila.

Mikill tími fór í að fá þátttakendur á námskeiðin og mikil afföll voru á námskeiðunum strax í upphafi. Íslenskukunnátta var misjafnlega góð og hefur það eflaust átt sinn þátt í að aföll voru þetta mikil.

Við mat á verkefninu þá teljum við að betri undirbúningsvinna þurfi að eiga sér stað með einstaklingana áður en farið er af stað. Leitast þarf við að fá fram óskir og tillögur um viðfangsefni, undirbúningur þarf að vera einstaklingsmiðaður. Allir voru sammála um að mikilvæg reynsla og þekking náðist fram með því að fara í gegnum þetta ferli og þjónustuaðilar gera sér betur grein fyrir hvað þarf að hafa í huga þegar fræðsla af þessum toga fer fram.

Project: What is best for us?

Fellow: Reykjavík City Service Center in Breiðholt, Álfabakka 12 109 Reykjavík.

Abstract

The purpose of this project was to empower immigrant women and help them to become active participants in Icelandic society. Also to create opportunities where their background and language knowledge is very useful for example in jobs with younger children as free activity centers.

The first course leaders were Juan Camito Estrada and Isabella Theodórsdóttir.

The aim was to increase self-esteem and build up social network, teach methods to search for jobs and also about different activities and services that Reykjavík offers people who are without a job.

For the second group the main aim was to work against poverty, learn self-help and increase work potential. The participants were women in economical problems especially young women who feel

isolated at home. The course that was provided aimed at self help, to strengthen activity skills as well as a helping them to gain belief in their own self-esteem.

It was very took a long time to find women and get in touch with them. The result was that the lack of knowledge in Icelandic language was a hindrance. Even though the women had agreed to come to the course some of them didn't attend at all, others only once or twice.

Everybody who worked on the project said they got a very important experience out of it and it made them more aware of how to serve immigrants in the future.